

millilandasiglingum milli Íslands og útlanda, verður hún ekki, meðan svo er ástatt um hana, sem að framan greinir, talin farþegaskip, samkvæmt 6. gr. fyrrnefnds samnings aðilja frá 28. maí 1938, og gildir því nefnd 6. gr. eigi um þetta skip, eins og nú stendur á um það.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

E/s Súðin telst ekki til farþegaskipa samkvæmt 6. gr. samnings, dags. 28. maí 1938, milli aðilja máls þessa, og gildir sú grein því ekki um nefnt skip meðan svo er ástatt um það sem að framan greinir.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 13. febrúar 1940.

Nr. 6/1939. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélagsins Fram**

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Kristjáns Gíslasonar.

Mál út af ágreiningi um það, hvort stofnast hafi vinnusamningur milli málsaðilja.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 24. maí f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. verklýðsfélagsins Fram á Sauðárkróki gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Kristjáns Gíslasonar, Sauðárkróki, og hefur stefnandi gert þær dómkröfur í málinu, að íaxti verklýðsfélagsins Fram, frá 28. apríl 1938, verði viðurkenndur sem bindandi fyrir stefnda sem um skriflegan samning milli aðilja máls þessa væri að ræða. Þá krefst hann og málskostnaðar hér fyrir dómi, eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn falla niður, þó að kröfur hans verði ekki teknar til greina.

Stefnundur mótmælir því, að nefndur taxti verði viðurkenndur sem samningur milli sín og stefnanda og krefst sýknu og málskostnaðar af stefnanda eftir mati dómsins.

Undanfarin ár hefur verklýðsfélagið Fram á Sauðárkróki gefið út kauptaxta ár hvert, sem meðlimir þess skyldu fara eftir. Hinn 28. apríl 1938 gaf félagið þannig út kauptaxta, sem það kveður, að auglýstur hafi verið opinberlega og sendur atvinnurekendum á staðnum, þar á meðal stefnda. Hafi engin mótmæli komið fram gegn taxtanum og vinnuveitendur síðan farið eftir honum í öllum greinum. Í taxta þessum er meðal annars svo að orði komið, að meðlimir verklýðsfélagsins skuli sitja fyrir allri vinnu í bænum. Nú telur stefnandi, að einn vinnuveitandinn á Sauðárkróki, stefndi í máli þessu, hafi gerzt brotlegur við ákvæði kauptaxtans um forgangsrétt félagsmanna Fram til vinnu í bænum, með því að taka mann í vinnu, sem ekki hefði haft full félagsréttindi, þó að kostur væri á félagsmönnum með fullum réttindum. Telur stefnandi, að með framangreindum aðgerðum verklýðsfélagsins hafi stofnast samningur milli aðilja máls þessa, er jafngildi skriflegum samningi samkv. 6. gr. laga nr. 80/1938, með því að ekki hefði af hálfu stefnda verið hreyft mótmælum gegn taxtanum, er hann var tilkynntur, og hann síðan farið eftir honum í öllum greinum.

Stefndur hefur fyrst og fremst krafizt sýknu á þeim grundvelli, að eins og stefnukrafan sé orðuð, verði hún að skiljast svo, sem þess eins sé krafizt, að fyrrnefndur taxti skuli aðeins vera bindandi fyrir meðlimi verkalýðsfélagsins Fram og sé slíkt með öllu óviðkomandi stefnda í máli þessu.

Það er nú að vísu svo, að sjálf stefnukrafan er ónákvæm, þar sem þess er aðeins krafizt, „að taxti félagsins frá 28. apríl 1938 sé dæmdur í fullu gildi,“ en ekki gerð bein krafa um það, að taxtinn sé viðurkenndur sem samningur milli aðilja máls þessa. En af öðru innihaldi stefnunnar er það ljóst, hvað fyrir stefnanda hefur vakað, og þar að auki hefur hann í greinargerð síðar í málinu orðað kröfur sínar alveg ljóst. Og ekki verður séð, að stefndi hafi látið undir höfuð leggjast að hafa uppi allar varnir í máli þessu, þrátt fyrir ógreinilegt orðalag kröfunnar í stefnunni. Verður þessi sýknukrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Þá hefur stefndi eindregið mótmælt því, að stofnast hafi bindandi vinnusamningur (kjarasamningur) milli hans og stefnanda með taxta þeim, er verklýðsfélagið gaf út 28. apríl 1938. Kveður hann, að sér hafi ekki verið tilkynntur taxti þessi sérstaklega, né heldur hafi hann viðurkennt hann í

verki með því að fara eftir honum í öllum greinum, og sérstaklega mótmælir hann því eindregið, að hann hafi í verki farið eftir því ákvæði taxtans, að láta meðlimi verklyðsfélagsins ætíð og ávallt sitja fyrir allri vinnu. Hann hafi ekki heldur á nokkurn hátt viðurkennt taxtann skriflega, né heldur munnlega.

Ekki hafa verið sönnur á það færðar í máli þessu, að stefndi hafi á nokkurn hátt skriflega gengið við nefndum taxa eða viðurkennt hann á þann hátt. Ekki verður það heldur talið alveg öruggt, að honum hafi hlotið að vera kunnugt um innihald taxtans í hverju einstöku atriði hans. Og gegn eindregnum mótmælum stefnda þykir ekki vera fram komin örugg sönnun þess, að hann hafi að öllu leyti farið eftir taxtanum í verki, þegar af þeirri ástæðu, að ekki verður talið, að fullar sannanir hafi verið að því færðar, að stefndi hafi ætíð látið meðlimi verklyðsfélagsins sitja fyrir „allri vinnu í bænum“, eins og það er orðað í taxa félagsins.

Að þessu athuguðu þykir ekki fært að taka kröfur stefnanda til greina, og ber því að sýkna stefnda að öllu leyti af þeim. Kemur því ekki til athugunar í máli þessu, hve viðtækan rétt verklyðsfélagið hefur til þess að ákveða, hverjir meðlimir þess hafi „vinnuréttindi“ á hverjum tíma, né heldur hitt, hvort forgangsréttur meðlima verklyðsfélagsins geti því aðeins gilt, að einhverjir þeirra hafi „boðið sig fram“ til vinnunnar, en um þessi atriði hefur málf lutningurinn að töluverðu leyti snúizt.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Með því að allra gagna í máli þessu hefur orðið að afla norður á Sauðárkróki, hefur dómur ekki orðið lagður á mál þetta fyrr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Kristjáns Gíslasonar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. verklyðsfélagsins Fram, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.